

TIL MINNIS

- 06.09

Hjúkkan kemur

- 11.- 14. 09

Samtal við
skólustjóra

- 14.09 kl. 15:30

Námsefnisiskynning

Aðalfundur foreldra-
félagsins í kjölfarið

- 12.09

List fyrir alla í Bogar-
nesi 1. - 10. b á
Milkywhale

- 18.09

Sálfræðingur kemur

- 21. og 22. 09

Samræmd próf 7. b

- 28. og 29. 09

Samræmd próf 4. b.

Lesfimispróf fyrir
alla verða í sept.

Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarprestirnir að tína reyniber af trjánum áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið, en það eru ekki þeir sem koma með haustíð það gera lítil börn með skólatöskur.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Septemberbréf

V E T U R I N N 2 0 1 7 — 2 0 1 8

Á B M . I N G V E L D U R .

Og þá leggjum við í hann á ný

Skólastarfið er nú óðum að komast í sinn vanagang, ef vanagang skyldi kalla.

Við skólann hafa bæst þrír nýir starfsmenn frá síðasta vori, skólustjórinn Ingveldur Eiríks., Margrét Birna Kolbrúnardóttir umsjónarkennari 5.—7. bekkjar og Magnús Kristjánsson íþróttakennari. Það er því allnokkur endurnýjun frá liðnum vetri. Það er samdóma álit hinna nýju að vel sé tekið á móti þeim og hinir reyndari bera sig ekki svo illa heldur! Það er gleðilegt að hafa náð að manna nú á haustdögum en Margrét Birna tekur að sér bæði kennslu í lík og grunnskóla (með fyrirvara um samþykkt fræðslu og skólanefndar). Auk umsjónarkennslu sinnir hún heimilisfræðikennslu og syngur með yngstu krökkunum.

Hún er sagnfræðingur að mennt og er að taka master í hagnýtri menningarmiðlun.

Magnús er búfræðingur að mennt og sveitungum væntanlega af góðu kunnur.



Byrjendur og lengra komnir 1. og 4. árgangur

Þegar tilskilin leyfi hafa skilað sér í hús mun hann einnig kenna sund.

Nýr skólahjúkrunarfræðingur er tekinn við og heitir hún Oddný Eva Böðvarsdóttir. Hún mun

koma á fjögurra vikna fresti. Hún kemur í fyrsta sinn nú á miðvikudaginn, þann 6. sept.



Milkywhale í Borgarnesi f. 1. - 10. b

12. sept. fara 1.-10. b. í Borgarnes að „djamma“ með Milkywhale sem er danshljómsveit skipuð danshöfundinum og söngkonunni Melkorku Sigríði Magnúsdóttur og tónlistarmanninum Árna Rúnari Hlöðverssýni (FM Belfast, Prins Póló). Saman hafa þau skapað

röð popplaga eftir textum Auðar Övu Ólafsdóttur rithöfundar, nokkurs konar sjónrænt ferðalag inn í hljóðheima og dansflutning. Þessir epísku tónleikar fjalla meðal annars um smávægilega hluti líkt og ástina, trampólínæfingar, hvali og hvít dýr. Milkywhale hefur hlotið

frábæra dóma en sveitin spilaði fyrst opinberlega á Airwaves 2015 en Reykjavík Grapevine lýsti hljómsveitinni á þennan veg: “Milkywhale er skál af Skittles blönduð átta tvöföldum espressos, toppuð með gleðinni sem fylgir því að fá nýjan hvolf og trampólín á jóladagsmorgni. Milkywhale hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum héraendis og erlendis

Miðstigsleikarnir



Artjom hljóp allra manna hraðast!

Árlega eru haldnir Miðstigsleikar í Borgarnesi. Þeir eru mót fyrir nemendur í Grunnskóla Borgarfjarðar, Heiðarskóla, Laugargerðisskóla, Auðarskóla, Grunnskólanum í Borgarnesi og Reykhólaskóla. Þetta var mikil Bjarmalandsför sem skilaði okkur góðum ávinningi. Allir nemendur okkar á miðstigi fóru og tóku þátt í einni eða fleiri greinum, en keppt er í 60 og 600 m. hlaupi, kúluvarpi og langstökki. Einnig er keppt í fótbolta en í ár vorum við ekki með þar.

Árangur krakkanna er auðvitað fyrst og fremst sá að taka þátt, en aldrei skemma góð úrslit fyrir. Artjom varð í fyrsta sæti í langstökki og annar í 60m spretthlaupi. Friðjón varð fjórði í 600 m. hlaupi og Kolbrún Katla var hársbreidd frá þriðja sætinu í 60 m. hlaupinu! Til hamingu krakkar og takk Katharina fyrir að fara með krökkunum! Halli fær líka plús í kladdann fyrir verðlaunin í lok ferðar! Samstarf sem þetta er mikils virði. Það er gott að fara og

hitta mann og annan, máta sig við aðra og sjá að víst erum við margs megnug þó við séum fá (nú eða kannski einmitt vegna þess?).

Næsta verkefni af þessum toga er list fyrir alla en þá förum við einnig í Borgarnes þann 12. september.

Það er reyndar til eftirbreytni hve samstarf skóla á Vesturlandi er gott og það er mikils virði fyrir fámennan skóla að eiga svo góðan samstarfsgrundvöll sem hér er.

Gott að hafa í huga:

Lesi skal upphátt í skóla helst daglega Heimalestur upphátt a.m.k. 5 daga vikunnar, 15 mínútur í senn, skilar mestu Lestrarmenning fái að blómstra í skólastofunni þar sem lestur fær rými í stundatöflu

Lestrarvænt umhverfi Lestrarfyrirmyndir eru foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla.“

Úr læsisstefnu Árborgar



Læsi - Áherslur í skólastarfinu

Nú í vetur verður eitt af helstu verkefnum okkar hér í skólanum að vinna að læsisstefnu skólans. Í Hvítbók um umbætur í menntakerfinu var sett fram m.a. að allir leik- og grunnskólar settu sér læsisstefnu í samræmi við aðalnámskrár og skólastefnu sveitarfélaga. Læsisstefna á að vera liður í því að auka Læsi á breiðum grundvelli.

Læsi er einn af grunnþáttum

menntunar. Þegar við tölum um læsi erum við ekki bara að líta til leshraða heldur er læsi margvíslegt, t.d. miðlalæsi, töflulæsi og stafrænt læsi. Læsi er því ekki bara að umbreyta bókstöfum í hljóð sem tengd eru saman til að mynda orð, heldur getan til þess að umskrifa og umskapa veröldina og búa þannig til eigin þekkingu. Það breytir því þó ekki að gamli góði

lesturinn er undirstaða margs í skólastarfinu og einn af lykilþáttum þess að hún verði farsæl. Það er því mikilvægt að við leggjumst öll á eitt við lestrarþjálfunina og nýtum okkur þær bjargir sem í boði eru til þess. Einn allra mikilvægasti þáttur læsiþjálfunar er hlutur heimilisins. Gott samstarf heimilis skóla er fosenda góðs árangurs.

Hlutverk foreldra í leik- og grunnskóla

Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna í framkomu, hegðun, samskiptum og tjáningu.

Ábyrgð foreldra:

Að barnið fái nægan svefn
Að barnið fái góða næringu
Að sýna barninu umhyggju og hlýju

Lestur:

Lesi fyrir barnið

Lesi með barninu

Heimalestur: - Hvetja barnið til frásagnar - Ræða og útskýra lesefnið - Lesi fjölbreytt efni í mismunandi miðlum við ýmis tækifæri

Gera lestrarstundina jákvæða og skemmtilega

Hlusta á barnið, setja orð á alla hluti.

Kenna barninu að nota málið á fjölbreyttan hátt með umræðum, söng, rími, vísnum og þulum.

Mikilvægt er að nota fjölbreyttan orðaforða og nota málið í mismunandi samhengi.

Afmælisbörn september eru:

3. Áslaug matræður

7. Aron Sölvi

28. Kolbrún Katla



Til hamingju!